

48 þykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29 4. febr. 1952, stað-
24. apríl festist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Staðfesting ráðuneytisins á upphæð fasteignaskatts samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er bundin við nügildandi fasteignamat.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 55 11. apríl 1939.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

49
1. maí

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu 24. des. 1953, um notkun heimildar laga nr. 77
23. des. 1953, um innheimtu ýmissa gjalda 1954 með viðauka.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið, að leyfisbréflagjald, er um ræðir í lögum nr. 40 frá 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, skuli ekki innheimta með viðauka.

Fjármálaráðuneytið 1. maí 1954.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sig. Áskelsson.

50 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um
4. maí Sigfús Sigurhjartarson“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. maí 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að reisa og reka samkomuhús og starfsmiðstöð fyrir íslenska alþýðu og flokk hennar, Sameiningarflokk alþýðu — Sózialistaflokkinn —, og sé húsið helgað minningu Sigfúsar Sigurhjartarsonar, og beri nafn hans.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

Eignum hans og tekjum skal varið til byggingar og reksturs húss samkvæmt 2. grein.